

T I L L A G A

til þingsályktunar um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar

(Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021).

Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir eftirfarandi tillögu til þingsályktunar um gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar.

1. gr.

■ Prestum ber greiðsla þóknunar fyrir þá þjónustu sem greinir í gjaldskrá þessari. Þóknun reiknast í einingum og er verð hverrar einingar hið sama og verð eininga í gildandi kjarasamningi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands hverju sinni.

2. gr.

■ Greiða ber prestum fyrir þjónustu sem hér greinir:

| Þjónusta | Einingar | Fjárhæð |
|---|----------|------------|
| a. Skírn, sem ekki fer fram í guðsþjónustu | 0,7 ein. | kr. 7.418 |
| b. Ferming | 2,0 ein. | kr. 21.194 |
| c. Hjónavígsla | 1,3 ein. | kr. 13.776 |
| d. Kistulagning | 0,8 ein. | kr. 8.478 |
| e. Útför | 2,6 ein. | kr. 27.552 |
| f. Útför án ræðu | 1,0 ein. | kr. 10.597 |
| g. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför | 0,8 ein. | kr. 8.478 |
| h. Vottorð um þjónustu prests | 0,2 ein. | kr. 2.119 |

3. gr.

■ Þóknun vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem þjónustunnar beiðist.

4. gr.

■ Ferðakostnað prests vegna þjónustu samkvæmt 2. gr. greiðir sá sem beiðist verksins.
□ Akstursgjald miðast við sama gjald og ríkisstarfsmenn fá greitt hverju sinni samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

- Presti ber að upplýsa greiðendur fyrir fram um ferðakostnað.
- Ekki skal greiða ferðakostnað vegna fermingar.

5. gr.

- Vottorð vegna meðlagsgreiðslu með barni og vottorð að beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda gefur prestur út án endurgjalds.
- Presti er enn fremur skylt að gefa út vottorð án endurgjalds um skírn og hjónavígslu, enda vitji hlutaðeigandi þess innan viku frá athöfn.

6. gr.

- Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. september 2021 og gildir til 31. mars 2023. Frá sama tíma fellur brott Gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar nr. 933/2020.

Greinargerð.

Forsætisnefnd kirkjuþings flytur mál þetta. Tilgangur þess er að útfæra og samræma gjaldskrána kjarasamningi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands, frá 21. júní 2021.

Í a-lið 5. gr. starfsreglna um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu segir:

„Kirkjuþing ákvarðar einnig árlegt verð eininga sem notaðar eru til að ákvarða þóknanir sem þóknananefnd kirkjunnar mælir fyrir um, þóknanir samkvæmt gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu þjóðkirkjunnar og þóknanir vegna gæslu veiðihlunninda á prestssetrum.“

Í ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum segir síðan:

„Verð hvernar einingar, sbr. a-lið 5. gr. starfsreglna þessara, skal vera kr. 10.388 frá 1. júlí 2020 til 31. desember 2020.“

Ljóst er að það láðist að uppfæra fjárhæðir þessar í fjárlögum kirkjuþings fyrir árið 2021 og hefur gjaldskráin því staðið í stað.

Annað einingakerfi er síðan að finna í framangreindum kjarasamningi.

Lagt er til að eftirleiðis verði í gjaldskrá vegna prestsþjónustu stuðst við þær einingar sem ákvarðaðar eru í fyrrnefndum kjarasamningi Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands. Í kjarasamningnum segir um verð eininga: „Eining er 1% af 10. launaflokki. Samkvæmt kjarasamningnum er 10. launaflokkur kr. 1,059,702. Hver eining verður því kr. 10,597. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður fyrir Þjóðkirkjuna – Biskupsstofu hljótist af samþykkt tillögunnar, fái hún brautargengi.“

Í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir að starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, haldi gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hafi fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Því er ljóst að setja þarf nýja gjaldskrá í heild sinni í stað þess að breyta einstökum ákvæðum.

Stjórn Prestafélags Íslands er samþykkt þessari tillögu og leggur jafnframt til að tekinn verði inn nýr liður sem nefnist „Útför án ræðu“ en sá liður var í eldri gjaldskrá allt til ársins 2014, að hann var felldur út. Forsætisnefnd fellst á breytingartillögu Prestafélagsins og er nýr liður því settur inn í gjaldskrána fyrir þessa þjónustu. Lagt er til að gjaldið nemi 1,0 einingum og er þá höfð hliðsjón af hlutfalli sem var á milli þjónustuliða í síðustu gjaldskránni (2013) sem tók til þessarar þjónustu.

Um einstök ákvæði.

1. gr. Lagt er til að í stað þess að kirkjuþing ákvarði árlega verð eininga sem gjaldskrá tekur mið af, verði stuðst við einingar þær sem kveðið er á um í kjarasamningi Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu og Prestafélags Íslands.

2. gr.

Bætt er við nýjum lið, „Útför án ræðu“ og er lagt til að gjald verði 1,0 eining.

3. gr.-5. gr.

Ákvæði þessu eru óbreytt frá núverandi gjaldskrá og þarfnast því ekki skýringar.

6. gr.

Lagt er til að gildistaka starfsreglnanna miðist við 1. september 2021 og að hún gildi sama tíma og fyrrnefndur kjarasamningur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu og Prestafélags Íslands, þ.e. til 31. mars 2023.

Til hægðarauka er birt hér einingaverð gjaldskrár nr. 933/2020, svo unnt sé að bera þær saman. Eins og áður segir fellur sú gjaldskrá brott við samþykkt þessa máls.

Úr gjaldskrá nr. 933/2020:

2. gr.

■ Greiða ber prestum fyrir þjónustu sem hér greinir:

| Þjónusta | Einingar | Fjárhæð |
|---|----------|------------|
| a. Skírni, sem ekki fer fram í guðsþjónustu | 0,7 ein. | kr. 7.272 |
| b. Ferming | 2,0 ein. | kr. 20.777 |
| c. Hjónavígsla | 1,3 ein. | kr. 13.505 |
| d. Kistulagning | 0,8 ein. | kr. 8.311 |
| e. Útför | 2,6 ein. | kr. 27.011 |
| f. Jarðsetning duftkers eða kistu, sem ekki er í beinu framhaldi af útför | 0,8 ein. | kr. 8.311 |
| g. Vottorð um þjónustu prests | 0,2 ein. | kr. 2.078 |